

Samantekt á vinnuvið gerð Skólastefnu Mosfellsbæjar 2009-10

Vinna við gerð Skólastefnu Mosfellsbæjar hófst árið 2000 og var hún samþykkt í upphafi ársins 2002 undir heitinu Heildstæð skólastefna. Í henni komu fram markmið og leiðir sveitarfélagsins fyrir þær stofnanir og aðila sem saman mynda skólasamfélag Mosfellsbæjar.

Á árinu 2008 fór fram mótun stefnu Mosfellsbæjar og þar kemur fram framtíðarsýn Mosfellsbæjar:

Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi. Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi. Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.

Í kjölfar stefnumótunarinnar var hafist handa við gerð eða endurskoðun á stefnu málaflokka. Í janúar 2009 samþykkti fræðslunefnd Mosfellsbæjar að fara í endurskoðun á skólastefnunni. Af því tilefni var skólaþing Mosfellsbæjar haldið í maí það sama ár þar sem nemendum, kennurum, foreldrum og öðrum bæjarbúum gafst kostur á að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri um það hvernig skólar í Mosfellsbæ ættu að vera. Mikil áhersla var lögð á að raddir barna fengju að njóta sín og var börnum frá leikskólaaldri til framhaldsskólaaldurs boðið á skólaþingið. Þeim voru fengin verkefni að fást við og þannig leitað nýrra leiða til að laða fram skoðanir þeirra á því **hvað væri góður skóli**. Að skólaþingi loknu var niðurstöðum safnað saman og þær kóðaðar.

Haustið 2009 samþykkti fræðslunefnd tillögu um að skipaður yrði vinnuhópur um ritstjórn stefnunnar. Í hópnum sátu Gunnhildur María Sæmundsdóttir skólafulltrúi, Magnea Steinunn Ingimundardóttir verkefnisstjóri og Ragnheiður Jóhannsdóttir kennsluráðgjafi, allt starfsmenn Skólaskrifstofu, Sesselja Gunnarsdóttir, kennari Lágafellsskóla, Herdís Rós Kjartansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Reykjakots og Helga Dís Sigurðardóttir, matsfræðingur. Framkvæmdastjóri fræðsluviðs, Björn Þráinn Þórðarson, kom einnig að störfum hópsins við upphaf og lok verksins.

Hópurinn vann úr niðurstöðum þingsins og þeim gögnum sem börnin í Mosfellsbæ höfðu komið á framfæri. Sérstök áhersla var lögð á að raddir bæjarbúa og þá sérstaklega raddir barna kæmu fram en gildandi stefna var einnig höfð til hliðsjónar.

Drög að skólastefnu voru send hagsmunaaðilum skólanna og til þeirra sem tóku þátt í skólaþinginu til umsagnar og óskað eftir athugasemdum við drögin. Annað skólaþing var haldið í vor 2010, ári eftir að fyrsta skólaþing var haldið þar sem drögin voru kynnt. Nokkrar athugasemdir komu fram og voru þær teknar til skoðunar og settar í skólastefnuna eftir því sem við átti. Að því loknu var skólastefna samþykkt í fræðslunefnd Mosfellsbæjar og staðfest að bæjarstjórn í maí 2010

Skólastefna Mosfellsbæjar tekur einnig mið af gildum bæjarins sem eru:

virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja

Við teljum að þetta ferli og þær aðferðir sem við beittum hafi verið mjög jákvæðar og verið til þess fallnar að fá fram mismunandi sjónarmið hjá Mosfellungum, frá börnum, nemendum, foreldrum, bæjaryfirvöldum og öðrum íbúum bæjarins. Við flokkun gagna og úrvinnslu þeirra var fengin til liðs við vinnuhópinn matsfræðingur og gafst það mjög vel og get ég mælt með því þar sem við vorum með mjög mikið af gögnum eftir skólaþingið.

Tekið saman af
Gunnhildi Sæmundsdóttir
skólafulltrúa Mosfellsbæjar
10. júní 2010